

## Viltu tilheyra jákvæðri og traustri liðsheimild?

Sinum leitar nú eftir jákvæðum og sveigjanlegum starfsmönnum bæði í heimaþjónustu og skrifstofustörf:

**Proskapjálfi eða iðjubjálfi – í þjónustustjórahlutverk:** Viðkomandi skipuleggur heimaþjónustu og starfsmannahald auk þess sem hann sinnir verkefnum á vettvangi þegar þörf krefur.

**Rekstrarstjóri á skrifstofu:** Viðkomandi annast bókhald, vsk uppgjör, innkaup, launamál, starfsmannahald og ýmislegt annað tilfallandi.

**Almenna starfsmenn:** A nars vegar í heimaþjónustu og hins vegar í vaktavinnu á Sjúkrahótelinu í Ármúla við þrif á herbergjum og framreiðslu matar.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem allra fyrst.

Nánari upplýsingar:  
www.sinum.is



### Lífefnafræðingur / lyfjafræðingur - vörubrúun

ORF Líftækni leitar eftir áhugasömum sérfræðingum til að leiða vörubrúun á sérvirkum próteinum félagsins og afurðum úr þeim.

#### Æskileg menntun og reynsla:

Ph.D. eða M.Sc. í lífefnafræði, lyfjafræði með reynslu í próteinlífefnafræði og lífrænni efnafræði eða sambærilegt. Leitað er eftir starfsmanni sem hefur metnað í starfi og sýnir frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

#### Nánari upplýsingar

Áhugasömum einstaklingum, sem vilja taka þátt í uppbyggingu og þróunarstarfi hjá spennandi fyrirtæki er bent á að senda umsókn með ferilskrá til starf@orf.is fyrir 4. ágúst nk. Nánari upplýsingar veitir Júlíus B. Kristinsson starfsmannastjóri.

Umsóknum má skila á íslensku en æskilegt er að þær séu á ensku.

#### Hátæknifyrirtæki á alþjóðlegum markaði

ORF Líftækni hf. er vaxandi nýsköpunarfyrirtæki, þar sem frumkvöðlaandi ríkir og miklir möguleikar eru á framþróun í starfi fyrir dugmikla og áhugasama starfsmenn.

Fyrirtækið er leiðandi í framleiðslu hágæða sérvirkra próteina fyrir læknisrannsóknir, húðvörur og líftækniíðnað. Með þróun og nýtingu á einstakri framleiðsluáferð með sameindaræktun í byggi, stefnir ORF markvisst að enn frekari uppbyggingu sem hátæknifyrirtæki í fremstu röð á alþjóðlegum markaði. Áhersla er lögð á að selja frumvaka fyrirtækisins á markaði fyrir húðvörur, til rannsóknastofa á sviði frumrannsóknna (t.d. stofnfrumrannsóknna), frumræktunar og þróunar vefjasmíði (regenerative medicine) undir vörumerkjum Bioeffect™, ISOkine™ sem og öðrum vörumerkjum.

### Jobconnect – A Norwegian Staffing and recruiting agency

On behalf of a worldwide leading company in the design, manufacture and sale of comprehensive systems and components used in oil and gas drilling and production, we are searching for engineers for full time employment in Norway.



#### We can offer you:

- A young and informal environment that is characterized by trust and openness.
- Good conditions and exciting career opportunities in Norway and worldwide.
- Interesting and challenging duties in an international environment with good opportunities for professional development.
- Competitive salary terms.
- Good insurance and pension schemes.
- A great working environment.

#### Engineers in Electro-Mechanical-Hydraulic-Automation

##### General qualifications and skills:

We are looking for efforts willing employees with the ability to work independently and at the same time contribute to positive teamwork. Applicants should have a background as engineers or civil engineers. Other important factors are the ability to work well in teams and good communication skills in English.

##### One or more of the following points is a plus:

- Experience from the offshore -, engineering- or mechanical industry.
- Knowledge of hydraulic systems and components.
- Work experience from oil-related or other relevant technical fields.
- Experience and knowledge of steering systems, integrated control systems, drilling related equipment or systems for offshore drilling rigs.

Please send your CV and application letter in English within the 8th of August to the contact person below. Interviews will be held in Reykjavik 11/8-13/8.

Contact: Karianne Haugom,  
Staffing Advisor Jobconnect  
E-mail: karianne@jobconnect.no  
Web-page: www.jobconnect.no

## Íbúðalánasjóður óskar eftir að ráða þjónustulundað og töluglöggt fólk til starfa

Tilgangur Íbúðalánasjóðs er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast og leigja húsnæði á viðræðanlegum kjörum.

Starfsmannastefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun. Umsóknir gilda í 6 mánuði ef ráðið verður í önnur störf á þeim tíma.

### Sérfræðingur í lánaafgreiðslu á einstaklingsviði

#### Starfssvið

- Afgreiðsla lánsúmsókna
- Undirbúningur tilfallandi afgreiðslumála fyrir stjórn Íbúðalánasjóðs
- Ítarleg greining og samantekt á lánaferlum og útlánum
- Þátttaka í þróun lánaferla og verklagi við vinnslu lánsúmsókna
- Útgáfa íbúðalána og skjala vegna yfirtöku lána
- Aðstoð við ráðgjöf til einstaklinga vegna lánsúmsókna

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða lögfræði
- Yfirgripsmikil starfsreynsla og þekking á lánamálum er nauðsynleg
- Framúrskarandi þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Samskiptahæfileikar og færni til að starfa í hópi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

### Lánaráðgjafi á einstaklingsviði

#### Starfssvið

- Almenn upplýsingagjöf og ráðgjöf til viðskiptavina um mismunandi kosti á lánamarkaði
- Aðstoð við viðskiptavina við gerð greiðslumats og lánsúmsókna
- Ráðgjöf til viðskiptavina um möguleg úrræði til lausnar á greiðsluvanda
- Svörun fyrirspurna og erinda viðskiptavina vegna greiðsluvanda
- Afgreiðsla úmsókna um úrræði vegna greiðsluvanda
- Samskipti við fjármálastofnanir og umboðsmann skuldara vegna erinda viðskiptavina

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða lögfræði er kostur
- Yfirgripsmikil starfsreynsla og þekking á lánamálum er nauðsynleg
- Framúrskarandi þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Samskiptahæfileikar og færni til að starfa í hópi
- Enskukunnátta til að geta leiðbeint erlendum viðskiptavinum um fasteigna- og lánaviðskipti

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent ráðninga www.talent.is. Upplýsingar um starfið veitir Lind Einarsdóttir hjá Talent ráðningum í síma 552 1600, lind@talent.is.

Umsóknarfrestur er til og með 6. ágúst næstkomandi.

www.ils.is

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969





Nói Sírius er meðalstórt fyrirtæki í matvælaíðnaði með um 120 stöðugildi. Pungamiðjan í rekstrinum er eigin framleiðsla fyrir heimamarkað og útlutningur en innflutningur er þó umtalsverður. Lögð er áhersla á sjálfstæða ákvarðanatöku starfsmanna og frumkvæði við úrvinnslu verkefna. Fyrirtækið nýtir sér straumlínustjórnun í daglegri starfsemi (Lean) með það að markmiði að minnka sóun og bæta flæði vörunnar allt frá hráefni til fullunninnar vöru í höndum neytenda. Framtíðarsýn fyrirtækisins er að vera áfram í hópi leiðandi fyrirtækja á sínu sviði með því að bjóða eftirsóknarverða gæðavöru og þjónustu sem stenst ítrustu kröfur viðskiptavina á alþjóðlegan mælikvarða.

#### Upplýsingar veita:

Brynhildur Halldórsdóttir  
brynhildur@hagvangur.is

Katrín S. Óladóttir  
katrin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 8. ágúst nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

## Vörumerkjastjóri

Nói Sírius óskar eftir að ráða vörumerkjastjóra til starfa.

#### Starfssvið:

- Áætlanagerð og skipulagsvinna
- Stjórnun viðskiptatengsla
- Ábyrgð á markaðsmálum tiltekinna vörumerkja
- Ábyrgð á útlutningi tiltekinna vörumerkja
- Önnur tilfallandi verkefni

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í markaðsfræðum eða sambærilegu
- A.m.k. 2ja ára reynsla af markaðs- og/eða sölumálum er skilyrði
- A.m.k. 2ja ára reynsla af smásölumarkaði er skilyrði
- Frumkvæði
- Hæfni í samningatækni
- Góð samskiptahæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Tölugleggni
- Góð tölvukunnátta
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Árangurssækni og mikill drifkraftur



## HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



## Reykjavíkurborg

Framkvæmda og eignasvið

### DEILDARSTJÓRI GATNADEILDAR

**Laust er til umsóknar starf deildarstjóra gatnadeildar hjá Framkvæmda- og eignasviði Reykjavíkurborgar. Starfið heyrir undir skrifstofustjóra gatna- og eignaumsýslu.**

Á starfssviði Framkvæmda- og eignasviðs eru verklegar framkvæmdir Reykjavíkurborgar og samskipti vegna þeirra. Sviðið ber m.a. ábyrgð á byggingu, rekstri og viðhaldi mannvirkja í eigu borgarinnar, ráðstöfun byggingarréttar, ýmsa samningagerð um framkvæmdir, mannvirki og lóðir. Undir sviðið heyrir eignasjóður, en í honum eru allar eignir borgarinnar, fasteignir, lönd og búnaður. Skrifstofa gatna- og eignaumsýslu sér um viðhald gatna og umhirðu, gangstíga opinna svæða og fasteigna og skiptist m.a. í gatnadeild og byggingadeild. Skrifstofan er til húsa í Borgartúni 12-14 og hverfastöðvar eru við Njarðargötu, Jafnasel, á Miklatúni, Stórhöfða og Kjalarnesi.

#### Starfssvið:

- Er yfirmaður gatnadeildar.
- Stýra viðhaldi og umhirðu gatna og borgarlandsins og halda samgönguæðum borgarinnar í viðunandi ástandi bæði að vetri og sumri.
- Er tæknilegur ráðgefandi og leiðbeinandi annarra tæknimanna deildarinnar varðandi úrlausnir í viðhaldi og umhirðu.
- Sinnir daglega tæknilegri stýringu á hreinsun gatna, vetrarþjónustu og gatnamerkingum.
- Yfirumsjón með viðhaldi og umhirðu malbikaðra gatna, gönguleiða, opinna svæða, umferðarljósa, umferðarmerkinga, gatnalýsingar o.fl.
- Yfirumsjón grassláttar, vetrarþjónustu, hreinsunar borgarlandsins og yfirborðsmerkinga gatna.
- Samskipti við íbúa og önnur svið borgarinnar, svara fyrirspurnum og erindum, bæði bréflaga og í síma.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðeigandi háskólamenntun sem nýtist í starfi s.s. byggingatækni- eða byggingaverkfræðimenntun.
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er kostur.
- Reynsla af sambærilegu starfssviði.
- Reynsla af mannaforráðum.
- Reynsla af starfs- og fjárhagsáætlanagerð.
- Færni í mannlegum samskiptum, skipulagsfærni og hæfileikar til að vinna sjálfstætt.
- Tölvufærni í Word og Excel og kunnátta til að nýta upplýsingakerfi sem stjórnartæki.
- Kostur að hafa þekkingu á starfsemi Reykjavíkurborgar og stofnana hennar.

Um er að ræða 100% starf. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar um starfið veitir Magnús Haraldsson deildarstjóri í síma 411-1111. Umsóknarfrestur er til 14. ágúst nk. Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) undir „Atvinna“ og “Deildarstjóri gatnadeildar óskast til starfa hjá Framkvæmda- og eignasviði”.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

### Löglærður fulltrúi

**Löglærður fulltrúi óskast til starfa á lögmennsstofu í miðbæ Reykjavíkur.**

Viðkomandi verður að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir sendi upplýsingar og ferilskrá á [starfsumsoknir@gmail.com](mailto:starfsumsoknir@gmail.com)



**Gerpla óskar eftir því að fá til liðs við sig hressa og metnaðarfulla einstaklinga til starfa.**

#### Íþróttastjóra

Undir íþróttastjóra heyrir umsjón með almennri íþróttaiðkun í grunndeild félagsins en um 1.000 iðkendur tilheyra þessum hluta félagsins. Um er að ræða almenna yfirsýn yfir starfssemi hópa og félagslega yfirsýn. Íþróttastjóri mun eiga náið samstarf með þjálfurum um útfærslu á fyrirkomulagi kennslu og þátttöku í viðburðum á starfstímabili félagsins. Viðkomandi þarf að búa yfir miklum skipulagshæfileikum og reynslu á sviði almennrar íþróttþjálfunar. Leitað er eftir einstakling með menntun sem nýtist í starfi. Um er að ræða 50 til 75% starf.

#### Íþróttafraeðing

Leitað er eftir íþróttafraeðing til starfa í grunndeild í almennum fimleikum. Starfið felst í þjálfun barna á aldrinum 5 – 8 ára, nánar tiltekið grunnþjálfun. Um er að ræða 50 til 100% starf.

#### Fimleikaþjálfara

Leitað er eftir þjálfara í grunndeild félagsins. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af þjálfun og bakgrunn í fimleikum. Einnig er nauðsynlegt að viðkomandi hafi sótt þjálfaranámskeið FSÍ. Um er að ræða 50 til 100% starf.

#### Afgreiðslustjóri

Undir afgreiðslustjóra heyrir umsjón með afgreiðslu, samskipti við viðskiptavinum, þjálfara og iðkendur, gæsla með klefum og almenn þrif. Æskilegt er að viðkomandi hafi lokið við stúdent-spróf, hafi góða íslensku og tölvukunnátta og ríka þjónustulund. Um 100% starf er að ræða.

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á [www.gerpla.is](http://www.gerpla.is) Umsóknir með ferilskrá berist til okkar á netfangið [gerpla@gerpla.is](mailto:gerpla@gerpla.is)

*Íþróttafélagið Gerpla er til starfa í glæsilegu húsnæði við Versalir 3 í Kópavogi. Fimleikar er okkar aðal íþrótt og virkir iðkendur eru um 1500 talsins. Starfsmenn félagsins telja um 80 manns þar að meðal 5 á skrifstofu og 4 í afgreiðslu.*

# www.vinna.is

Capacent Ráðningar

## BYGGINGATÆKNIFRÆÐINGUR/ BYGGINGAFRÆÐINGUR



Í Sveitarfélaginu Árborg búa yfir 7.800 íbúar. Þar starfa rúmlega 550 starfsmenn á vegum sveitarfélagsins og er það sameiginlegt verkefni starfsmanna og stjórnenda að veita metnaðarfulla og framsækna þjónustu. Sveitarfélagið Árborg leitar að starfsmönnum sem hafa ríka þjónustulund og eru vandvirkir.

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir að ráða byggingatæknifræðing eða byggingafræðing til starfa sem fyrst. Starfið heyrir beint undir tækni- og veitustjóra.

### Ábyrgðar- og starfssvið:

- Ábyrgð á rekstri og viðhaldi fasteigna sveitarfélagsins
- Ábyrgð á verkefnastjórnun vegna nýframkvæmda og viðhaldsmála
- Ábyrgð á að framkvæmd verkefna sé í samræmi við lög og reglur
- Samskipti við opinbera aðila, hönnuði og verktaka
- Verkeftirlit með framkvæmdum
- Áætlanagerð og forgangsröðun verkefna
- Samningagerð í samráði við tækni- og veitustjóra

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- B.Sc. verk- /tæknifræði eða nám í byggingafræði
- Reynsla af áætlunargerð, úrlausn verkefna og verkefnastýringu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Þekking á og reynsla af notkun Windows-Office og CAD-hugbúnaðar
- Metnaður og vilji til að vaxa í starfi

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

800 7000 - siminn.is

## Komdu í hópinn!

Vilt þú takast á við krefjandi verkefni í vinnunni? Við leitum að fólki á uppleið í lið með okkur. Við viljum þig í vinnu hjá okkur!

#### Innhringiver

- Fullt starf
- Sveigjanlegar vaktir
- Söluþjálfun
- Frábært vinnuumhverfi

#### Útringiver

- Fullkomin vinna með skóla
- Sveigjanlegar vaktir
- Söluþjálfun
- Árangurstengd laun

### Umsóknarfrestur er til 5. ágúst 2011

Upplýsingar í síma 550 7764 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga. Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar. Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, [www.siminn.is](http://www.siminn.is).

Gildi Símans eru: Skapandi, áreiðanleg, lipur. Við höfum þau að leiðarljósi í störfum okkar.

# www.vinna.is



## Kennarar - Grunnskólinn á Þórshöfn

Eftirtaldar kennarastöður eru lausar til umsóknar við Grunnskóla Þórshafnar:

**Íþróttir - 100% staða,  
Íslenska - 75% staða,  
stærðfræði - 10 tímar á viku  
og enska - 10 tímar á viku.**

Einnig vantar stuðningsfulltrúa í 60% stöðu og matráð í 100% starf.

Umsóknarfrestur er til 1. ágúst. Nánari upplýsingar veitir Arnfríður Aðalsteinsdóttir skólastjóri í síma 899-3480. Umsóknum skal skila á skólastjóri@thorshafnarskoli.is

Langanesbyggð er sveitarfélag í mikilli sókn. Það búa nú liðlega 500 manns í sérlega fjölskylduvænu umhverfi. Á Þórshöfn er öll almenn þjónusta, góður leikskóli og glæsilega íþróttamiðstöð, ásamt sundlaug. Í sveitarfélaginu og nágrenni þess eru fjölbreyttir útivistarmöguleikar í ósnortinni náttúru. Samgöngur eru góðar, m.a. flugfimm daga vikunnar til og frá Reykjavík um Akureyri.

## Frá Grunnskóla Reyðarfjarðar



Við Grunnskóla Reyðarfjarðar eru eftirfarandi stöður lausar til umsóknar:

- Íþróttir
- Hönnun og smíði

Um 175 nemendur stunda nám við skólann sem staðsettur er í glæsilegu húsnæði með frábærri aðstöðu.


Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ.

Umsóknarfrestur er til og með 3. ágúst 2011.

Umsækjendur af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um störf.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 474 1247 eða 863 1247. Netfang asta@skolar.fjardabyggd.is

Skólastjóri



## Verkefnastjóri lyfja- og rekstrarvöruinnkaupa

Á innkaupadeild fjármálasviðs er óskað eftir að ráða háskólamenntaðan einstakling til starfa. Á deildinni starfar 22 manna hópur sem leggur áherslu á árangursrík samskipti við birgja og góða þjónustu við öll svið spítalans. Í boði eru áhugaverð og fjölbreytt verkefni í krefjandi starfsumhverfi.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Verðkannanir, útböð og samningagerð einkum á sviði lyfjainnkaupa.
- » Hagrænar greiningar lyfjaupplýsinga og ýmissa innkaupa.
- » Samstarf við stjórnendur lyfjamála á Landspítala og ráðgjöf til þeirra.
- » Samhæfing á aðkomu fagfólks að útbóðsferlum og verðfyrirspurnum.
- » Leit að nýjungum í vöruúvali.
- » Ráðgjöf við vöruval og meðferð kvartana.
- » Eftirfylgni með verklagsreglum deildarinnar og skráningu og greiningu frávik.

### Hæfniskröfur

- » Menntun í lyfjafræði, auk viðbótarmenntunar á sviði viðskipta- eða hagfræði.
- » Sjálfstæð og skipuleg vinnubrögð og metnaður til að ná árangri í starfi.
- » Góðir samskiptahæfileikar og góð þjónustulund.
- » Þekking og reynsla af innkaupum, samningagerð og tölulegri greiningarvinnu.
- » Góð kunnátta í ensku og Norðurlandamáli.
- » Góð tölvukunnátta.

### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 6. ágúst 2011.
- » Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. september 2011.
- » Umsóknum fylgi náms- og starfsferilskrá.
- » Upplýsingar veitir Halldór Ólafur Sigurðsson, deildarstjóri, netfang halldsig@landspitali.is, sími 825 5034/ 543 1505.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Halldóru Lisbeth Jónsdóttur, mannauðsráðgjafa/gæðastjóra, LSH fjármálasvið, Eiríksstötu 5, 101 Reykjavík.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf“. Ef ekki eru tók á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublað í upplýsingum Fossvoggi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksstötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



## SPENNANDI STÖRF

**66°NORÐUR** leitar að jákvæðum og kraftmiklum einstaklingum sem hafa áhuga á að vinna í krefjandi umhverfi, ná árangri í starfi og taka þátt með okkur í að byggja upp eitt sterkasta vörumerki íslendinga. Í boði eru störf hjá vaxandi fyrirtæki þar sem gerðar eru kröfur um fagleg vinnubrögð og góða samskiptahæfileika.

Við leitum að einstaklingum í eftirfarandi störf:

### MARKAÐSDEILD:

Starfið er mjög fjölbreytt og felst í að takast á við hin ýmsu verkefni.

### Hæfniskröfur:

Háskólamenntun og reynsla í markaðsmálum æskileg. Viðkomandi þarf að eiga auðvelt með að tjá skoðanir sínar og vinna með fólki. Starfið felur í sér verkefnastjórnun og viðkomandi þarf að geta unnið skipulega. Frumkvæði og sjálfstæði í starfi eru nauðsynlegir eiginleikar.

Umsókn ásamt ferilskrá skal berast fyrir 2. ágúst á pósthöfn 66north@66north.is .

**66°NORÐUR** fagnar nú 85 ára afmæli sínu en frá því félagið var stofnað hefur það hannað, framleitt og selt vinnu- og útivistarfatnað. Um þessar mundir eru vörur fyrirtækisins seldar í 15 löndum og er útflutningur helsta vaxtarsvið félagsins. Hjá 66° NORÐUR starfa um 300 manns.

### ALÞJÓÐADEILD:

Starfið felst í að halda utan um og byggja upp samskipti við erlenda samstarfsaðila.

### Hæfniskröfur:

Háskólamenntun og alþjóðleg reynsla æskileg. Viðkomandi þarf að hafa góða tungumálakunnáttu, góða hæfni í mannlegum samskiptum. Mikilvægt er að búa yfir framúrskarandi þjónustulund, hafa áhuga á því að selja og ná árangri.

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.



SJÁVARÚTVEGS- OG  
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Lögfræðingur – sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið – Reykjavík

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið auglýsir eftir lögfræðingi til starfa á auðlindaskrifstofu ráðuneytisins.

Verkefni eru fjölbreytt en að stærstum hluta á sviði fiskveiðistjórnunar.

Starfið er bæði spennandi og krefjandi og leitað er eftir kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi með góða menntun og samstarfshæfileika.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþröf í lögfræði.
- Gott vald á íslensku máli og enskukunnátta ásamt hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Frumkvæði, vandvirkni, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Starfsreynsla úr stjórnslu og þekking á fiskveiðilöggjöfni æskileg.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.

Umsóknir er hafi að geyma upplýsingar um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað er máli skiptir, sendist bréflaga til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík eða í tölvupósti á postur@slr.stjr.is eigi síðar en 5. ágúst 2011.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

# www.vinna.is



Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal enn fremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjalddeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

## Framkvæmdastjóri greiðslukerfa

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða öflugan og traustan einstakling til starfa sem framkvæmdastjóri greiðslukerfa. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Greiðslukerfi er nýtt svið innan Seðlabanka Íslands. Hlutverk sviðsins er að stuðla að öryggi og skilvirkni þýðingarmikilla greiðslukerfa. Útgáfa og umsýsla seðla og myntar og rekstur fjárhirslna eru hluti af verkefnum sviðsins. Dótturfélag Seðlabanka Íslands, Greiðsluveitan ehf., mun heyra undir sviðið og framkvæmdastjóri greiðslukerfa á sæti í stjórn hennar. Starfsmannafjöldi verður 10-12 starfsmenn auk starfsmanna Greiðsluveitunnar ehf., en sérstakur framkvæmdastjóri er yfir Greiðsluveitunni ehf. Um er að ræða spennandi viðfangsefni sem hefur verið í mikilli gerjun á undanförunum misserum.

### Helstu verkefni:

- Yfirsýn yfir kerfislega þýðingarmikil greiðslu- og uppgjörskerfi
- Mótun stefnu varðandi þróun kerfanna, innleiðingu og framkvæmd breytinga
- Setning reglna um rekstur og uppgjörfyrirkomulag
- Stuðningur við markaðslausrir
- Tengsl innlendra greiðslumiðlunarkerfa við erlend greiðslu- og uppgjörskerfi
- Skipulag viðbúnaðarmála á vettvangi greiðslumiðlunar
- Mat á nýjungum á sviði greiðslumiðlunar með tilliti til öryggis, skilvirkni og hagkvæmni
- Útgáfa og umsýsla seðla og myntar

Sá einstaklingur sem leitað er að þarf að hafa mikinn áhuga og þekkingu á greiðslukerfum, hæfni til að leiða stefnumótun og stýra rekstri og teymi áhugasamra einstaklinga.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á sviði greiðslumiðlunar og greiðslukerfa
- Víðtæk stjórnunarreynsla
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi
- Færni í munnlegri og skriflegri tjáningu, bæði á íslensku og ensku, nothæf þekking á a.m.k. einu Norðurlandamáli er einnig æskileg
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

### Upplýsingar veita:

Már Guðmundsson, seðlabankastjóri, eða Arnór Sighvatsson, aðstoðarseðlabankastjóri, í síma 569-9600.

Umsóknarfrestur er til og með 14. ágúst nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



**HAGVANGUR**

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal enn fremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjalddeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

## Framkvæmdastjóri fjármálastöðugleika

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða öflugan og traustan einstakling til starfa sem framkvæmdastjóri fjármálastöðugleika. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Fjármálastöðugleiki er nýtt svið innan Seðlabanka Íslands. Meginviðfangsefni sviðsins felast í greiningu á áhættu í fjármálakerfinu og þátttöku í mótun varúðarreglna fyrir fjármálakerfið. Sviðið tekur þátt í stefnumótun varðandi uppbyggingu fjármálakerfisins og varðandi markmið, tæki og skipulag fjármálastöðugleika á Íslandi. Sviðið á í miklum samskiptum við stofnanir sem starfa að fjármálastöðugleika á Íslandi, einkum Fjármálaeftirlitið, en er einnig þátttakandi í umtalsverðu alþjóðlegu samstarfi. Búið er við að starfsmannafjöldi verði til að byrja með 8 starfsmenn. Um er að ræða spennandi viðfangsefni sem er í mikilli gerjun í framhaldi af fjármálakreppunni, bæði alþjóðlega og hér á landi.

### Helstu verkefni:

- Greiningar kerfisáhættu og fjármálastöðugleika
- Greining á fjármálakerfinu og samspieli þess við efnahagslífið
- Ritstjórn og kynning á ritum Seðlabankans um fjármálastöðugleika
- Þátttaka í mótun fjármálastöðugleikastefnu
- Mótun og vöktun varúðarreglna sem Seðlabankinn setur, svo sem um lausafjárlutfall og gjalddeyrisjöfnuð
- Samstarf við FME samkvæmt samstarfssamningi
- Þátttaka í samstarfi við aðra seðlabanka
- Umsagnir um lagafrumvörp er lúta að fjármálakerfinu og stöðugleika þess

Sá einstaklingur sem leitað er að þarf að hafa brennandi áhuga á fjármálastöðugleika, víðtæka fræðilega og hagnýta þekkingu á fjármálakerfinu, hæfileika til að leiða greiningar- og stefnumótunarvinnu og hæfni til að stýra teymi vel menntaðra og áhugasamra einstaklinga.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í hagfræði, viðskiptafræði eða sambærilegum greinum sem nýtast í starfi
- Víðtæk þekking á fjármálakerfinu og einstökum hlutum þess
- Víðtæk reynsla af rannsóknar- og stefnumótunarvinnu
- Víðtæk stjórnunarreynsla
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi
- Færni í munnlegri og skriflegri tjáningu, bæði á íslensku og ensku, nothæf þekking á a.m.k. einu Norðurlandamáli er einnig æskileg
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

### Upplýsingar veita:

Már Guðmundsson, seðlabankastjóri, eða Arnór Sighvatsson, aðstoðarseðlabankastjóri, í síma 569-9600.

Umsóknarfrestur er til og með 14. ágúst nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



**HAGVANGUR**

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



# STARFATORG.IS

*Laus störf hjá ríkinu*

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
<b>Nýtt</b>			
Framkvæmdastjóri greiðslukerfa	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201107/041
Framkvæmdastjóri fjármálast.leika	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201107/040
Lánaráðgjafi	Íbúðalánasjóður	Reykjavík	201107/039
Sérfræðingur	Íbúðalánasjóður	Reykjavík	201107/038
Ræstingarstjóri	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjörður	201107/037
Þjónustufulltrúi	Lögreglan á höfuðborgarsv.	Reykjavík	201107/036
Lögfræðingur	Úrsk.nefnd skipul.- og bygg.mála	Reykjavík	201107/035
Lífeindafræðingur	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstaður	201107/034
Verkefnastjóri	LSH, Innkaupadeild	Reykjavík	201107/033

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.  
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**



## Starfsfólk í kaffiteríu

**Nú er tækifærið!** Okkur vantar starfsfólk í fullt starf og hlutastarf í kaffiteríu Perlunnar.

Vaktavinna

Sendið umsóknir til [perlan@perlan.is](mailto:perlan@perlan.is).

# VILTU VINNA

**OKKUR VANTAR STARFSFÓLK Í VERSLUN OKKAR Í REYKJAVÍK**



### INNKAUP

Innkaupafulltrúi með viðtæka þekkingu á PC tölvubúnaði og góða reynslu af Excel óskast í fullt starf við vörustjórnun, innskráningu og tilfallandi verkefni

### VERSLUN

Sölumenn með viðtæka þekkingu á tölvubúnaði óskast í fjölbreytt starf við ráðgjöf á vali tölvubúnaðar auk tilfallandi starfa. Fullt og hlutastarf

### VERKSTÆÐI

Tæknimaður með góða reynslu í fartölvu viðgerðum og góða þekkingu á nýlegum tölvubúnaði óskast í öflugan hóp reyndra tæknimanna. Fullt og hlutastarf

Sendið tölvupóst á [starf@tolvutek.is](mailto:starf@tolvutek.is) með ferilskrá • Góð laun í boði og fullur trúnaður



# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)



HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARDARBÆJAR  
STRANDGATA 6  
220 HAFNARFJÖRÐUR  
SÍMI 585 5500  
FAX 585 5599

### Félagsráðgjafi – Félagsþjónustan í Hafnarfirði

Laus er til umsóknar staða félagsráðgjafa hjá Félagsþjónustunni í Hafnarfirði.

Um er að ræða fullt starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf 1. september n.k.

Verkefni viðkomandi verða í barnavernd og öðrum málaflokkum sem falla undir verksvið félagsþjónustu, s.s. málefnum fatlaðra, málefnum aldraðra, fjárhagsaðstoð, almennri félagsráðgjöf o.fl.

#### Hæfniskröfur:

- Starfsréttindi í félagsráðgjöf
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

#### Félagsþjónustan býður upp á:

- Fjölskylduvænan vinnustað
- Fjölbreytt verkefni á sviði velferðarmála
- Þverfaglega samvinnu með metnaðarfullu starfsfólki
- Góðan starfsanda

Umsækjendur sendi upplýsingar um menntun og fyrri störf til Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði, Strandgötu 33, 220 Hafnarfirði, **fyrir 15. ágúst n.k.** Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun liggur fyrir. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launaneftdar sveitarfélaga og Félagsráðgjafafélags Íslands.

Nánari upplýsingar veita Guðríður Guðmundsdóttir lögfræðingur, [gurry@hafnarfjordur.is](mailto:gurry@hafnarfjordur.is) og Ólína Birgisdóttir deildarstjóri, [olina@hafnarfjordur.is](mailto:olina@hafnarfjordur.is).

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar eru karlar, jafnt sem konur, hvattir til að sækja um starfið.

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á [WWW.CAPACENT.IS](http://WWW.CAPACENT.IS)



capacent

**Snyrtifræðingur**

Snyrtistofa óskar eftir að ráða snyrtifræðing með diploma.  
Aldur 20-25 ára.

Upplýsingar sendist á ymislegt2010@gmail.com

**Nuddari (Thai)**

Snyrtistofa óskar eftir að ráða nuddara (Thai), starfssvið er Thai massage, feet reflection massage, classic Thai massage with stretcing.

Upplýsingar sendist á snyrt09@gmail.com



Árskógum 2, Breiðholti / Mjódd

**Hjúkrunarheimilið Skógarbær Eldhús**

Starfsmann vantar í 90% starf í eldhús/matsal Skógarbæjar, um er að ræða vaktavinnu, vinnutími er breytilegur en aldrei lengur en til 20:00 og ein helgi í mánuði. Við leitum eftir einstaklingi sem kann að baka, elda, talar íslensku, er heilsuhausur, skemmtilegur og hefur góða framkomu og samskiptahæfileika.

Upplýsingar um Hjúkrunarheimilið Skógarbær eru á heimsíðu okkar skogar.is. Ef nánari upplýsinga er óskað þá sendið tölvupóst til olga@skogar.is Umsóknir sendist með tölvupósti til olga@skogar.is

Olga Gunnarsdóttir  
Næringarrekstrafræðingur  
Forstöðumaður eldhúss

**Bifvélavirki óskast**

Traust bílaverkstæði óskar eftir bifvélavirkja til starfa í Reykjanesbæ.

Gott starfsumhverfi og öruggur vinnuveitandi.  
Umsóknir sendist á box@frett.is merkt: „bifvélavirki“

**Parketslípari / Parketmaður**

Eitt virtasta fyrirtæki á sínu sviði óskar eftir að bæta við mannskap.

Góðir tekjumöguleikar fyrir samviskusama og duglega menn. Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn sem tilgreinir fyrri störf ásamt mynd og meðmælum, merkt „parket2011“

Umsóknir sendist í pósti eða tölvupósti, fyrirspurnum ekki svarað í síma.



Smíðjuvegi 6 - 200 Kóp. fridrik@pm.is



PM ehf. er meðlimur í Félaga Íslenskra parketmanna og NWFA National Wood Flooring Association sem eru stærstu parketsamtök í heiminum

**Tónlistarskóli Ísafjarðar****Tónlistarkennari óskast**

Tónlistarkennara vantar við útibú Tónlistarskóla Ísafjarðar á Þingeyri næsta skólaár.

Helstu kennslugreinar eru píanó, blokkflauta og gítar. Starf organista við Þingeyrarkirkju getur hugsanlega fylgt tónlistarkennarastarfinu.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Ragnarsdóttir skólastjóri, sími 861 1426, netfang sigridur@tonis.is.

Skólastjóri

**POLARN O. PYRET****Barnafataverslun**

Barnafataverslunin POLARN O. PYRET leitar starfsmanni í afgreiðslu.

Leitað er eftir jákvæðum og skipulögðum einstaklingi með þjónustulund og reynslu af verslunarstörfum. Vinnutími er samkomulag en felur einnig í sér vinnuframlag aðra hvora helgi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Einnig óskum við eftir aukastarfsmanni um helgar.

Upplýsingar gefur Jónína í síma 895 9209  
Umsóknareyðublöð liggja frammi í verslunum í Kringlunni og Smáralind. Einnig má senda umsóknir á joninashipp@simnet.is

**POLARN O. PYRET****LUXOR**

Viltu starfa í spennandi fyrirtæki þar sem sköpunargleðin fær að njóta sín?

**Ljósahönnuður / Verkefnastjóri**

Óskum eftir að ráða í fullt starf ljósahönnuðar/verkefnastjóra tækjaleigu LUXOR.

Viðkomandi sér um ljósahönnun, uppsetningu og keyrslu ljósa í verkefnum. Hann stýrir einnig verkefnum félagsins. Hann vinnur náið með deildarstjórum í félaginu. Viðkomandi þarf að vera skipulagður, röskur og nákvæmur og hafa þekkingu á bransanum.

LUXOR er tækjaleiga og söludeild Sagafilm, stærsta framleiðslufyrirtækis landsins á sviði sjónvarps og kvikmyndaframleiðslu auk atburðastjórnunar. Hjá Sagafilm starfa nú hátt í 40 manns auk fjölda verktaka. LUXOR býður upp á fjölbreytt og skemmtilegt starfsumhverfi. Reykleysi er kostur.

Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá á [petur@luxor.is](mailto:petur@luxor.is) fyrir 5. ágúst n.k.



Við höfum þekkinguna!

PRESSA NÆTURVAKTIN *Stelpurnar* **RÍKSD** **RÉTTUR** DAGVAKTIN   
BJARNFREDARSON *Martinn* *Astríður* **Ídol** FANGAVAKTIN *Klemma* **Vídeo**

[www.luxor.is](http://www.luxor.is) | [www.sagafilm.is](http://www.sagafilm.is) | [sagafilm@sagafilm.is](mailto:sagafilm@sagafilm.is)

**Capacent Ráðningar****VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!**

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

**the PIER FOR YOUR HOME**

**ÓSKUM EFTIR DUGLEGU FÓLKI**

**VANUR LAGERMAÐUR**

**Vanur lagermaður óskast** til að sjá um lager The Pier verslananna. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af lagerstörfum og geta unnið sjálfstætt. **Vandvirkni og skipulag** eru nauðsynlegir kostir.

**DUGLEGR KRÁKKAR**

Óskum eftir **duglegum krökkum** á aldrinum 15-16 ára til að vinna á kassa og hjálpa til við að taka upp vörur. **(Hentar með skóla).**

**VANDVIRKT SÖLUFÓLK**

Óskum einnig eftir **góðu vandvirku sölufólki** í helgarvinnu.

Áhugasamir sendi inn umsóknir á [katrin@pier.is](mailto:katrin@pier.is) fyrir 1. ágúst 2011.

**Félagþjónusta Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga**

Félagþjónusta Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga óskar eftir að ráða **starfsmann í barnavernd**.

